

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 210/2023

2024/EES/35/21

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2240 frá 20. október 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1378, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2119 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2307 að því er varðar notkun á fullgiltu rafrænu innsigli við útgáfu á vottorðum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54bh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378):

„– **32022 R 2240:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2240 frá 20. október 2022 (Stjtið. ESB L 294, 15.11.2022, bls. 8).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 54bm (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2119) og 54bn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2307):

„, breytt með:

– **32022 R 2240:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2240 frá 20. október 2022 (Stjtið. ESB L 294, 15.11.2022, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/2240, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 294, 15.11.2022, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður